
Grunn- og leikskóli á Hellu

apríl 2021

ARKÍS
arkitektar



ÁFANGASKIPTING / NÚVERANDI AFSTÖÐUMYND

tónlistarskóli

Útskálar

bílastæði

megin aðkoma

leikskóli

bílastæði

körfubolta-
völlur

bókasafn

grunnskóli

leiksskólalóð

sundlaug

grunnskóli

(bráðab.
kennslustofur)

íþróttavöllur

Brúarvangur

íþróttahús

líkamsrækt

skólalóð - leiksvæði

sparkvöllur

bílastæði

Þingskálar

umferð - nýju hverfin


hótel

N



yfirlitsmynd af svæðinu

FULLBYGGT / AFSTÖÐUMYND




FD - Afstöðumynd


1:1000

ÁFANGASKIPTING / SKÝRINGAMYNDIR


1. ÁFANGI




2. ÁFANGI



3. ÁFANGI



4. ÁFANGI



ÁFANGASKIPTING / SKÝRINGAMYNDIR

1. ÁFANGI ÚTISVÆÐI
- FRÁGANGUR Á LÓÐ

1. ÁFANGI
1.HÆÐ

2. ÁFANGI A
1.HÆÐ


2. ÁFANGI B
1.HÆÐ

2. ÁFANGI A
1. OG 2. HÆÐ

4. ÁFANGI B
2.HÆÐ

4. ÁFANGI A
1.HÆÐ

3. ÁFANGI
1.HÆÐ




2. ÁFANGI ÚTISVÆÐI
- HREYSTIVÖLLUR
- TRÖPPUR / RAMPUR / SETTRÖPPUR / ÚITISVÆÐI UNGLINGASTIG
- ÍÞRÓTTAVÖLLUR FÆRÐUR

2. ÁFANGI ÚTISVÆÐI
- NÝ AÐKOMA
- FRÁGANGUR Á LÓÐ
- KÖRFUBOLTAVÖLLUR FÆRÐUR
- KNATTSPYRNUVÖLLUR FÆRÐUR

3. ÁFANGI ÚTISVÆÐI
- LEIKSKÓLALÓÐ

HUGMYNDAFRÆÐI / SKÝRINGAMYND
- FLÆÐI OG TENGINGAR INNANHÚSS



Frumdrög
Nýbygging fyrir grunnskólann og leikskólann Heklukot á Hellu

Lýsing verkefnis
Frumdrög Arkís arkitekta eru unnin í framhaldi og út frá þarfagreiningu sem unnin hefur verið fyrir Rangárþing ytra um framtíðaruppbyggingu og sameiningu grunn-, tónlistar- og leikskóla sveitarfélagsins á lóð við núverandi skólabyggingu, ásamt framtíðartengingu við íþróttamannvirki og íþróttasvæðið sem einnig er innan sömu lóðar. Uppbyggingin tekur einnig mið af þeirri ákvörðun að færa aðalaðkomu og aðalinngang að skólanum og leikskólanum þannig að ný aðkoma verði frá Þingskálum.
Tillagan gerir ráð fyrir að breytingar og uppbygging skólans verði í allt að fjórum áföngum.
Gert er ráð fyrir að í fullbyggðum skóla verði um 250 nemendur í for- mið-, og unglingastigi og tónlistarskóla, ásamt 180 nemendum í leikskólanum Heklukoti og um 60 kennarar og annað starfsfólk munu starfa við skólann. Markmið tillögunnar er að sameina allt skólastarf á einn stað og skapa með því kraftmikla umgjörð og góða nýtingu utanum skólastarfið og starfsaðstöðu starfsmanna. Tillagan gerir ráð fyrir og gefur möguleika á mikilli samnýtingu rýma á milli skóla og skólastiga og gefur nemendum og starfsmönnum tækifæri og möguleika á að nýta tónlistarstofur, sérgreinastofur, matsal og bókasafn þvert á öll skólastig. Nýbyggingar og endurbætur eldra húsnæðis skapi saman nýja heild sem kalli fram alt það besta hjá notendum, ásamt því að virka hvetjandi, örvandi og styrkjandi í öllu skólastarfinu. Leitast er við að hafa nýbyggingar í sambærilegum hlutföllum og eldri byggingar með svipuðmum þakformum og gluggasetningum og í núverandi byggingum og þannig fella nýbygginguna sem best að núverandi byggingum. Að staðsetja byggingar og haga uppbyggingu þannig að byggingarnar myndi gott skjól á skólalóðinni og að hægt sé að nýta núverandi íþróttavöll sem lengst áður en hann verður færður til norðurs. Stefnt er að því að byggingin verði Svansvottuð.
Við áfangaskiptingu er tekið mið af því að valda sem minnstu raski á skólastarfinu á meðan á framkvæmdum hvers áfanga stendur.

Aðkoma og lóð
Markmiðið með staðsetningunni og aðkomuleiðum er að styrkja skólastarfið og þar með allan reitinn og gera skólalóðina og aðkomuleiðir óháð ferðamáta öruggari og einfaldari. Að gera skýrar aðkomuleiðir að þeirri þjónustu sem er á reitnum frá nýrri aðkomu um Þingskála. Aðalinngangurinn fyrir grunnskólann og Heklukot er um aðkomustíg frá Þingskálum samhliða þjónustubraut með hringtorgi og stæðum fyrir hreyfihamlaða og skólaakstur. Hjólastæði eru fyrir framan aðalinngangana. Aðkomur með vörur, sorpi og að salnum, eldhúsinu og þjónusturýmum er um þjónustubrautina. Stækka á núverandi bílastæði þar sem sparkvöllurinn er núna, ný bílastæði eiga að þjóna öllum reitnum. Sér bílastæði eru fyrir Heklukot sem eru tengd við þjónustubrautina nálægt aðalinngangi með möguleika á stækkun. Einnig er gert ráð fyrir sleppistæðum fyrir eldri nemendur við Þingskála. Styrkja á núverandi gönguás frá Þingskálum sem aðalaðkomu að grunnskólanum, sundlauginni, íþróttahúsinu og íþróttavellinum og tengja hann við aðliggjandi stíga. Afmarka á skólalóðina og leiksvæðið innan hennar þannig að góð yfirsýn sé yfir alla skólalóðina. Hönnun bygginga og lóðar sé þannig að það myndist skjól á leiksvæðum og þau henti mismunandi aldurshópum.

Við skoðun og mat á núverandi aðstæðum og þeim markmiðum sem verkaupi hefur sett fram um hvernig grunnskólinn eigi að þjóna sem best nemendum, starfsmönnum og bæjarbúum til lengri tíma höfum við skoðað hvar nýbygging skólans verði best staðsett og gefi bestu möguleikana til áframhaldandi uppbyggingar í framtíðinni.
Að mörgu er að hyggja við val á staðsetningunni þannig að hún styrki og auki fjölbreytta möguleika skólastarfsins, styðji samnýtingu og sveigjanleika rýma, tengi vel saman núverandi skólahúsnæði og nýbyggingar við útisvæði og gefi möguleika á tengingu við nýjan leikskóla og samnýtingu innirýma með honum. Bæta á starfsaðstöðu, sýnileika og yfirsýn kennara og stjórndenda innan- og utanhúss. Stytta gönguleiðir innanhúss, tryggja yfirsýn bæði innanhúss og yfir skóla- og leikskólalóð ásamt því að huga að tengingu við sundlaugina og íþróttahúsið. Fara þarf vel yfir hvernig tengingar á milli skólasvæðisins og opinbera rýmisins sem sundlaugin og íþróttahúsið eru og hvernig því verði best fyrir komið. Að hönnun bygginganna tryggi dagsbirtu og útsýn og myndi skjól á leik- og útisvæðum fyrir norðanáttinni. Að uppbyggingin geti átt sér stað í áföngum. Nýbyggingin myndi nýja aðkomu og aðalinngang í átt að Þingskálum og aðkoman verði sem styðst. Að bílastæði verði samnýtt fyrir reitinn með aðkomu frá Þingskálum. Við uppbygginguna þarf að taka tillit til íþróttavallarinns og meta ávinninginn af því að flytja hann eftir því sem frekari uppbygging á sér stað á reitnum.
Ljóst er að veruleg tækifæri eru í því að flytja íþróttavöllinn til norðurs þannig að uppbygging fyrir skólann og leikskólann takist sem best og samnýting rýma sé raunhæf á milli skólanna.

Skólabyggingin
Eitt af markmiðum tillögunnar er að skólinn fullbyggður myndi sterka miðju („Krossgötu“) sem nemendur og starfsmenn hverfist um í daglegu starfi sínu á leið

ÁFANGASKIPTING / VERKEFNALÝSING - FRAMHALD


sinni um og inn á sín heimasvæði og sérkennslusvæði. Við sjáum fyrir okkur að um aðalinnganginn á fyrstu hæð nýbyggingarinnar komi allir nemendur inn um eitt sameiginlegt anddyri með fata- og skóhillum nemenda. Þaðan er komið inn í bjart alrými með tengileiðum yfir til heimasvæða nemenda á 1. hæð og uppá 2. hæð um settröppur með þakglugga yfir að aðstöðu kennara og yfirstjórnar skólans og í 4. áfanga að kennslustofum. Salurinn er staðsettur þannig að hann getur við sérstök tækifæri stækkað út í aðlæg gangrými og settröppur. Salurinn er með sviði og er tvískiptur þannig að möguleiki sé á að nota þann hluta hans sem sviðið er óháð martarhléum nemenda. Við settröppurnar eru krossgötur sem leiða mann til vinstri inn á svæði tónlistarskólans og bókasafnsins, en inn í það er einnig aðkoma beint að utan. Nálægð tónlistarskólans við salinn gefur möguleika á að samnýta hann með annarri starfsemi. Beint áfram frá Krossgötunni liggur leið að heima- og kennslusvæðum for- og miðstigs ásamt sérgreinaás sem tengist inná heima- og kennslusvæði unglingastigs. Til hægri frá Krossgötunni liggur leið að sérgreinastofum tré- og málmsmíði, heimilisfræði og aðaleldhúsi skólans. Í Krossgötunni og settröppunum er gert ráð fyrir opnum og lokuðum námsverum fyrir nemendur til að vinna í hópum, ein eða bara til að hanga saman. Markmiðið með þessu innra skipulagi er að skapa öfluga miðju þar sem öll skólastig geta samnýtt aðstöðuna og auðvelt sé að bjóða íbúum aðgang að bókasafninu, salnum og sérgreinastofum fyrir utan hefðbundinn opnunartíma skólans. Tengingin frá Krossgötunni við Heklukot gefur nemendum og starfsfólki hans möguleika á samnýtingu rýma skólans og íþróttamiðstöðvarinnar og markmiðið að allir nemendur og starfsmenn skólanna geti gengið þurrum fótum á milli allra bygginganna á reitnum. Einnig gefur þetta foreldrum sem eiga börn á mismunandi skólastigum möguleika á að sækja þau innandyra. Heklukot mun tengjast Krossgötu skólans um tengigang. Heklukot er 6 deilda leikskóli með aðalaðkomu frá þjónustubrautinni sem liggur að aðalinngangi. Gert er ráð fyrir að hægt sé að stækka leikskólann um 2 deildir á seinni stigum. Gert er ráð fyrir 3 inngöngum með fataanddyri þar af er eitt sem þjónar ungbarnadeildinni. Ungbarnadeildin er einnig með yfirbyggðri svefnaðstöðu utandyra. Allar deildir hafa sér verönd / leiksvæði fyrir framan deildirnar og tengjast þaðan og frá inngönginum við leikskólalóðina. Leikskóladeildirnar hverfast um upplifunarbraut sem tengir þær saman og við sal, listasmiðjur, sérgreinastofur og bókasafn.

Byggingaraðferðir

Í frumhönnunarfasanum hafa verið skoðaðar mögulegar byggingaraðferðir út frá kostnaði, byggingartíma og hvaða byggingaraðferð myndi valda minnstu raski á skólastarfinu á framkvæmdartímanum og jafnframt henta fyrirhugaðri áfangaupp-byggingu. Metnir voru kostir og gallar við að byggja bygginguna í steinsteypu, forsteyptum einingum, krosslímdum einingum (CLT), timbureiningum og eða samblandi af þessum byggingaraðferðum. Tillagan gerir ráð fyrir að hægt sé að útfæra bygginguna í öllum þessum byggingaraðferðum og mun þurfa að fara fram nánari kostnaðargreining og mat á milli þeirra á næstu stigum hönnunar. Markmiðið í hönnuninni er að velja þá byggingaraðferð og efnisval sem krefst sem minnstrar eftirmeðhöndlunar og geti staðið sem endanlegur yfirborðsfrágangur í sem flestum rýmum og tilfellum. Að valin verði sterk og endingargóð efni. Byggingin verði einangruð og klædd að utan með málmklæðningu. Þök verði viðsnúin með gróður-þekju sem efsta lag. Hönnunin tryggi góða dagsbirtu, hljóðvist, lýsingu og loftgæði í öllum rýmum. Að hönnunin tryggi sveigjanleika í innréttingu rýma, göngu- og sjónrænar tengingar séu stuttar og tryggi góða yfirsýn yfir hjarta skólans og yfir til mismunandi skólastiga og sérrýma hans ásamt sýn út á útisvæði.



ÁFANGASKIPTING / STÆRÐIR EFTIR ÁFÖNGUM



Núverandi stærðir	**Brúttó m^2**
Núverandi grunnskóli 1.hæð	1372
Núverandi grunnskóli kjallari	407
Núverandi grunnskóli samtals:	**1779 m^2**

Áfangi 1	
Skólabygging 1.hæð	465
Áfangi 1 (grunnskóli) samtals:	**465 m^2**

Áfangi 2 A	
Skólabygging 1.hæð (salur, mötuneyti, bókasafn, tónlistarskóli, sérgreinastofur)	1613
Tengibygging við íþróttahús 1.hæð	42
Skólabygging 2.hæð (stjórnendahæð)	810
Áfangi 2 (grunnskóli) samtals:	**2465 m^2**

Áfangi 2 B	
Núverandi skólabygging / breytingar innanhúss 1.hæð	550
Áfangi 2 B (grunnskóli) samtals:	**550 m^2**

Áfangi 3	
Leikskólabygging 1.hæð (sex deildir ásamt ræstimiðstöð fyrir grunn- og leikskóla)	1172
Áfangi 3 (leikskóli) samtals:	**1172 m^2**

Áfangi 4 A	
Viðbygging við leikskóla 1.hæð (tvær deildir)	160
Áfangi 4 (leikskóli) samtals:	**160 m^2**

Áfangi 4 B	
Viðbygging við grunnskóla 2.hæð (fimm kennslustofur)	570
Áfangi 4 (leikskóli) samtals:	**570 m^2**

1. áfangi (nýb. grunnsk.)	**465 m^2**
2. áfangi (nýb. grunnsk.)	**2465 m^2**
3. áfangi (nýb. leikskóla)	**1172 m^2**
4. áfangi (nýb. leik-og grunnsk.)	**730 m^2**
Nýbygging samtals :	**4832 m^2**

ÁFANGI 1 / YFIRLITSMYND



Áfangi 1

Í fyrsta áfanga er ráðgert að byggja 465 m^2 1 hæðar byggingu við elsta hluta skólans fyrir for- og miðstig. Byggingin mun vera með 4-5 kennslustofum ásamt sameiginlegu heimasvæði með góðri tengingu við nýja Krossgötu skólans og sérgreinastofur. For- og miðstig mun eftir breytingar vera með 7 til 8 stofur, heimasvæði og þjónustukjarna.

ÁFANGI 1 / AFSTÖÐUMYND

tónlistarskóli

leikskóli

sundlaug

íþróttahús

leikvöllur


HELLUVÖLLUR

bílastæði


FD - Afstöðumynd
1:1000

ÁFANGI 1 1.HÆÐ / FORSTIG OG MIÐSTIG / NIÐURRIF





Áfangi 1 / niðurrif
FD - 1.hæð




ÁFANGI 1 1.HÆÐ / FORSTIG OG MIÐSTIG





Áfangi 1 / nýbygging
FD - 1.hæð



ÁFANGI 1 1.HÆÐ / FORSTIG OG MIÐSTIG / HEIMASVÆÐI / ÁSÝNDIR INNANHÚSS






KENNSLUSTOFA



HEIMASVÆÐI



KLIFURVEGGUR



BOX

ÁFANGI 1 1.HÆÐ / FORSTIG OG MIÐSTIG / ÁSÝND ÚR NORÐRI





ÁFANGI 2 / YFIRLITSMYND



Áfangi 2

Áfangi 2 samanstendur af nýbyggingu með aðalinngangi, Krossgötu, sal, bókasafni, tónlistarskóla, tré- og málmsmíði, heimilisfræði og eldhúsi skólans á 1. hæð. Á 2. hæð er móttaka, skólastjórnendur, vinnusvæði kennara, kaffistofa og starfsmannarými. Gert er ráð fyrir að hægt sé að skipta vinnusvæðinu og kaffistofunni upp í smærri einingar. Við kaffistofu kennara eru stórar þaksvalir til suðurs. Þegar nýbygging er tilbúin og búið er að flytja stjórnendur og kennaraaðstöðu þangað er unglingastigið stækkað yfir í gömlu aðstöðuna þeirra auk þess sem í kjallaranum verður innréttað heimasvæði unglingastigs. Þar er gert ráð fyri að grafa frá kjallaranum setja nýja glugga og hurðir með aðgangi út á verönd með úti settröppum, skábraut og hreystigarði. Öðrum kennslustofum og gamla bókasafninu verður breytt í sérgreinastofur. Tengigangur á milli skóla og íþróttamiðstöðvar verður byggður.
Skólalóðin er fullkláruð í þessum áfanga og gert er ráð fyrir því að flytja íþróttavöllinn í þessum áfanga.
Í áfanga 2 verður sérgreinaás með þremur nýjum sérgreinastofum og að viðbættum stofum í eldri byggingu verða sérgreinastofur samtals 11, ásamt opnum og lokuðum námsverum. Unglingastigið verður með samtals 4 kennslustofur og heimasvæði. Tónlistarskólinn við hlið bókasafnsins verður með 5 kennslustofur.

Áfangi 2 er nýbygging á 2 hæðum og um 2465 m^2.
Breyting á eldri byggingum eru um 550 m^2.
Tengibygging við íþróttamiðstöð er um 42 m^2.
Skólalóðin er um 3400 m^2.

ÁFANGI 2 / AFSTÖÐUMYND

Útskálar

ÚTSKÁLAR

TENGING ÍÞRÓTTAHÚS

leikskóli

sundlaug

íþróttahús

HREYSTIBRAUT
250 m²

MATJURTAGARÐAR

LEIKSVÆÐI

VÖRUMÓTTAKA

GRUNNSKÓLALÓÐ
3400 m²

KÖRFUBOLTA-
VÖLLUR

HJÓL

LEIKSVÆÐI

BÍLASTÆÐI

SPARKVÖLLUR

PJÓNUSTUBRAUT

20

1

1

12

MÖGULEIKI Á 12 STÆÐUM Á
KOSTNAÐ LEIKSKÓLALÓÐAR

Sleppistæði

Þingskálar

Þrúðvangur

N

FD - Afstöðumynd


1:1000


ÁFANGI 2 1.HÆÐ / MIÐSVÆÐI, SÉRGREINASTOFUR, UNGLINGASTIG, BÓKASAFN OG TÓNLISTARSKÓLI



Áfangi 2A og 2B
FD - 1.hæð


ÁFANGI 2 KJALLARI / UNGLINGASTIG / SÉRGREINASTOFUR






Áfangi 2B
FD - kjallari

ÁFANGI 2 2.HÆÐ / KENNARAR OG STJÓRNENDUR






Áfangi 2A
FD - 2.hæð

ÁFANGI 2 AÐALINNGANGUR / ÁSÝND ÚR SUÐRI



ÁFANGI 2 MIÐSVÆÐ / MATSALUR / ÁSÝND INNANHÚSS





ÁFANGI 3 / YFIRLITSMYND




Áfangi 3

Áfangi 3 er nýbygging fyrir Heklukot með 6 deildum (120 börn) og þar af 1 ungbarnadeild.
Heklukot er 6 deilda leikskóli með aðalaðkomu frá þjónustubrautinni sem liggur að aðalinngangi frá Þingskálum. Gert er ráð fyrir 3 inngöngum með fataanddyri þar af er eitt sem þjónar ungbarnadeildinni. Ungbarnadeildin er einnig með yfirbyggðri svefnaðstöðu utandyra. Allar deildir hafa sér verönd / leiksvæði fyrir framan deildirnar og tengjast þaðan og frá innganginum við leikskólalóðina. Leikskóladeildirnar hverfast um upplifunarbraut sem tengir þær saman og við sal, listasmiðjur, sérgreinastofur og bókasafn. Leikskólalóðin er fullkláruð í þessum áfanga.

Heklukot er um 1172 m^2.
Leikskólalóðin er um 4500 m^2.


ÁFANGI 3 / AFSTÖÐUMYND



FD - Afstöðumynd

1:1000

ÁFANGI 3 1.HÆÐ / LEIKSKÓLINN HEKLUKOT



UP

UP

RÚNNI

tré

Kálfaveggur

HREYSTIVÖLLUR

TENGING ÍÞRÓTTAHÚS

MATJURTAGARÐAR

TENGING VIÐ LEIKSKÓLA

felliveggur

felliveggur

felliveggur

svið

3050

LEIKSVÆÐI

KÖRFUBOLTA-VÖLLUR

GRUNNSKÓLALÓÐ
3400 m²

HJÓL

sköpun / útisvæði

Ræstimiðstöð og þvottur 18,5 m²

Sérk. 12,0 m²

Fagbókas. 15,4 m²

Geymsla 15,1 m²

Salur 74,1 m²

Listasm. 20,6 m²

Listasm. 13,3 m²

Geymsla 15,1 m²

Geymsla 15,1 m²

Sérk 12,2 m²

útihvíld / vagnasvæði

flæðirými 200,5 m²

Deild 48,0 m²

SN 10,5 m²

SN 10,5 m²

Deild 47,7 m²

útifot k. 7,6 m²

hvíld

hvíld

þurrkh. 13,2 m²

verönd

verönd

5,8 m²

Inngangur 71,7 m²

blautsv.

Deild 47,7 m²

SN 10,5 m²

SN 10,5 m²

Deild 47,7 m²

hvíld

hvíld

verönd

verönd

Inngangur 62,8 m²

blautsv.

V.S. 5,0 m²

útif. kennarar 6,1 m²

Inngangur 31,7 m²

blautsv.

þurrkh. 5,6 m²

þurrkh. 8,7 m²

WC 3,2 m²

1800

5,8 m²

20 börn

Deild 47,7 m²

SN 10,5 m²

SN 10,5 m²

Deild 47,7 m²

hvíld

hvíld

verönd


verönd

80 börn

60 börn


1 FD - 1. hæð_áfangi 3

ÁFANGI 3 1.HÆÐ / LEIKSKÓLINN HEKLUKOT / ÁSÝNDIR INNANHÚSS





ÁSÝND DEILD Á HEKLUKOTI




GLUGGASÆTI



HLJÓÐVISTARTJÖLD Í SAL








UPPLIFUNARBRAUT

ÁFANGI 3 AÐKOMA AÐ HEKLUKOTI / ÁSÝND ÚR SUÐRI





ÁFANGI 4 / YFIRLITSMYND




Áfangi 4

Í áfanga 4 er gert ráð fyrir að stækka Heklukot um 2 deildir (40 börn) og byggja 2. hæð yfir sérgreinastofurnar tré- og málmsmíði, heimilisfræði og eldhús.
Í áfanga 4 verða 5 nýjar kennslustofur ásamt heimasvæði og opnu námsveri.

Nýbygging 2. hæð er um 570 m^2.
Heklukot er um 160 m^2.


ÁFANGI 4 / AFSTÖÐUMYND



FD - Afstöðumynd

1:1000

ÁFANGI 4 1.HÆÐ / VIÐBYGGING VIÐ HEKLUKOT



UP

UP

RÚNNI

tré

kiðurveggur

HREYSTIVÖLLUR

TENGING ÍÞRÓTTAHÚS

MATJURTAGARÐAR

LEIKSVÆÐI

KÖRFUBOLTA-
VÖLLUR

GRUNNSKÓLALÓÐ
3400 m²

HJÓL

felliveggur

felliveggur

felliveggur

svið

Möguleg stækkun leikskóla um 2 deildir 125 m²

hvíld

Deild
61,9 m²

SN
8,9 m²

sköpun / útisvæði

Deild
61,9 m²

hvíld

SN
8,9 m²

útihvíld /
vagnasvæði

hvíld

hvíld

verönd

verönd

hvíld

hvíld

blautsv.

verönd

verönd

hvíld

hvíld

blautsv.

1800

verönd

verönd


80 börn


60 börn

20 börn

1 FD - 1. hæð_áfangi 4

ÁFANGI 4 2.HÆÐ / KENNSLUSTOFUR






1 **FD - 2. hæð_áfangi 4**

FULLBYGGT / YFIRLITSMYND



FULLBYGGT / AFSTÖÐUMYND




FD - Afstöðumynd

1:1000

FULLBYGGT / 1.HÆÐ



FULLBYGGT / 2.HÆÐ



FULLBYGGT / ÚTLIT




ÁSÝND AUSTURHLIÐ



ÁSÝND SUÐURHLIÐ




ÁSÝND NORÐURHLIÐ




ÁSÝND VESTURHLIÐ

FULLBYGGT / SNIÐ



SNEIÐING Í GEGNUM
ÁFANGA 1




SNEIÐING Í GEGNUM
ÁFANGA 2

FULLBYGGT / ÁSÝND ÚR NORÐRI



FULLBYGGT / ÁSÝND ÚR AUSTRI





FULLBYGGT / ÁSÝND ÚR SUÐRI



FULLBYGGT / AÐKOMUTORG OG AÐALINNGANGUR GRUNNSKÓLI / ÁSÝND



FULLBYGGT / AÐKOMUTORG OG AÐALINNGANGUR HEKLUKOT / ÁSÝND

